

Samþykkt að vísa til stjórnar KÍ: Tillaga um útgáfu félagskorts

(fjallað um tillöguna í útgáfunefnd og í orlofs- og ferðanefnd)

6-9.1 Tillaga um útgáfu félagskorts (frá félagsmanni)

Gefið verður út félagskort fyrir hvern félagsmann. Þegar kemur að árlegri endurnýjun fær hver og einn félagsmaður sendan miða með nýju ártali, sem límdur er á kortið. Fyrsta kortið er frítt, ef félagsmaður týnir því, býðst honum að kaupa sér nýtt.

Greinargerð:

Þetta leysir A4 blaðið af sem félagsmaður þarf að prenta út af netinu ár hvert.

TILLAGAN FRÁ ÚTGÁFUNEFND:

Sjötta þing KÍ haldið 1. – 4. apríl 2014 samþykkir að gefin verði út félagsskírteini fyrir félagsmenn.

Greinargerð:

Skírteinið leysir A4 blaðið af sem félagsmaður þarf að prenta út af netinu ár hvert.

Leitað verði leiða til að hafa útgáfu og endurnýjun skírteinanna sem umhverfisvænasta. Mikilvægt er að tilboð og afslættir sem bjóðast félagsmönnum séu gerð sýnilegri en nú er á vef KÍ.

TILLAGAN FRÁ ORLOFS- OG FERÐANEFND:

Orlofs- og ferðanefnd hvetur eindregið til útgáfu félagsskírteinis með möguleika á rafrænni virkni. Nefndin leggur til eftirfarandi viðbætur við tillögu félagsmanns:

- Að gefa út kort með persónuauðkennum (mögulega mynd).
 - Að takmarka sendingarkostnað eins og auðið er t.d. með því að senda kortin með Handbók kennara 2014-2015.
 - Að tillagan komist í framkvæmd eigi síðar en á haustdögum 2014.
-